

1. tbl. 29. árgangur febrúar 2007

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



Í þessu blaði...

06 Rótækar breytingar
Ekki úthlutað í orlofshús í sumar

07 Nýársfundur VR
Velferðarsjóður og endurskoðun
kjarasamninga

11 Segðu hvað þér finnst
Þú gætir verið á leið í frí

13 Fyrirlestraröð VR
Fjölbreyttir fyrirlestrar í boði

14 Hafa launin þín hækkað?
Nýtt á www.vr.is

16 Kaffispjall kvenna
Oddný Sturludóttir spjallar
við þrjár konur

21 Páskahelgin í orlofshúsi
Sækið um fyrir 20. febrúar

22 Sól og sumar 2007
Bókið sjálf á www.vr.is

**28 Hvað er mannsæmandi
vinnutími?**



VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is



Sólarlag á Seltjarnarnesi

LEIÐARI

Stjórnskipun VR

Í tengslum við fjölgun félagsmanna og samruna félaga verslunarmanna við hefur vaknað innan VR umræða um stjórnskipun félagsins. Á að fjölga í stjórn og trúnaðarráði eða á að hafa meiri hreyfingu á stjórnarmönnum svo fleiri komist að til lengri tíma lítið? Eða er stjórn og trúnaðarráð of stórt og svífaseint batterí sem endurspeglar ekki félagsmenn? Væri betra að spyrja félagsmenn með beinum hætti um einstök mál og hafa stjórnunareiningar minni?

Ólíkt hlutafélögum hafa félagasamtök ekki kjölfestufjórfaða sem tryggja stöðugleika í starfsemi. Því hafa flest stéttarfélög trúnaðarráð og viðhafa listakosningar til að mynda kjölfestu í starfseminni. Gagnrýnt hefur verið að það kerfi skapi of mikið öryggi fyrir stjórnir félagana á hverjum tíma, menn sitji lengi og hætta skapist á stöðnun og að forystan fjarlægist almenna félagsmenn.

Undanfarið hefur farið fram mikil umræða hjá okkur um að auka lýðræði við stjórnun félagsins. Nú greiða rúmlega 26 þúsund manns

félagsgjöld til VR í hverjum mánuði en á aðalfundi félagsins mæta um 100 til 150 manns, almenn fundasókn er minni en áður. Gagnrýnissráddir hafa heyrst um að það felist lítið lýðræði í því að taka ákvarðanir á fundum þar sem vitað er að fáir munu mæta. Fólk með lítil börn á t.d. erfitt með að sækja kvöldfundi, en það er ekki þar með sagt að það hafi minni áhuga á málefnum félagsins. Ýmsar hugmyndir hafa kviknað um blandaðar leiðir við val á forustu félagsins þar sem reynt er að tryggja áfram kjölfestu en jafnframt að opna á meira lýðræði.

Á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna í janúar var niðurstaðan að vísa hugmyndum um breytta stjórnskipun í nefnd sem vinni tillögur fyrir næsta aðalfund. Nánar er fjallað um það í frétt á bls. 9. ■

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Gunnar Kristinn, Arnaldur, Erling og Kristján Maack. Prentun: Oddi. Upplag: 22.500 Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefania Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Varamenn: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofskjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Margrét Torfadóttir. Til vara: Einar Karl Birgisson, Margrét Sverrisdóttir. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Stefania Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Einar Karl Birgisson. Til vara: Jón Magnússon, Þorlákur Jóhannsson.

Spáð í stjörnuarnar

Hrútur

21. mars-19. apríl

Hrúturinn hefur allt á hornum sér í byrjun árs. Vinir og vandamenn eru beðnir um láta það sig ekki á sig fá því allt á það eftir að skána. Með vorinu mun hrúturinn fyllast framkvæmdagleði og koma ýmsu í verk sem lengi hefur setið á hakanum. Undir haustið ríkir fullkomin sæla í herbúðum hrútsins.

Naut

20. apríl – 20. maí

Nautið þarf að taka sig á í byrjun árs því það reynist erfitt fyrir mörg naut að koma sér út úr vítahring jólanautnanna. Viljastyrkur nautanna kemur að góðum notum við þessa þraut og verður undir vor hvatning og fyrirmynd félaga sinna. Í sumar verður þú hrókur alls fagnaðar og óvæntir atburðir eru innan seilingar.

Tvíburar

21. maí – 20. júní

Tvíburar byrja árið með trukki og blómstra sem aldrei fyrr. Stóra verkefnið sem framundan er mun ganga mjög vel og þú munt hljóta mikið hrós fyrir og jafnvel stöðuhækkun. Haustið verður krefjandi en einkalífið verður umvafið rómans og þú munt njóta lífsins til fullnustu. Mundu þó að Adam var ekki einn í Paradís.

Krabbí

21. júní – 22. júlí

Þetta verður gott ár fyrir krabbann í alla staði. Sköpunargleðin mun blómstra og afraksturinn verður þér til framdráttar sérstaklega fyrr part árs. Einhleypir muna hitta lífsförunaut sinn við óvenjulegar aðstæður seint á árinu. Það verður heilladrjúgt fyrir krabbann að láta gott af sér leiða með ýmsu móti á árinu.

Ljón

23. júlí – 22. ágúst

Haustið verður tími ljónsins en þá verður það í aðalhlutverki í ráðgjöf, bæði í vinnu og einkalífi. Hraustlegt útlit þitt og leiftrandi sjarmi gera það að verkum að hitt kynið tiplar í kringum þig og býður eftir að þú gefir færi á þér. Þau ljón sem þegar eru í sambandi þurfa að gæta sín á allri þessari athygli og hlúa að sambandinu.

Meyja

23. ágúst – 22. september

Um miðbik ársins verður fjölgun í fjölskyldunni með einum eða öðrum hætti og mun meyjan taka því fagnandi. Árið verður gott til framkvæmda. Meyjan verður óvenju hugrökk, breytir lífi sínu og tekur mikla áhættu. Fjölskyldan mun reyna að hafa hemil á þér en láttu það sem vind um eyru þjóta. Þú ert stjarnan.

Vog

23. september – 22. október

Þetta verður ár tækifæranna. Taktu þeim áskorunum sem þér bjóðast og sannaðu til þú munt uppskera. Vinnufélagarnir munu leita til þín í auknum mæli og meðfæddir hæfileikar þínir munu þá njóta sín. Líttu í kringum þig, einhver er að reyna að ná athygli þinni.

Sporðreki

23. október – 21. nóvember

Sporðrekin mun finna sig vel á árinu. Hann fær tækifæri til náms og ferðalaga sem aldrei fyrr. Ástin verður heit þegar nálgast haustið og passaðu að njóta þess vel. Þú skalt hlaupa Reykjavíkumaraþon. Byrjaðu að æfa strax, ekki veitir af.

Bogmaður

22. nóvember – 21. desember

Láttu ekki afskiptasemi náinna ættingja slá þig út af laginu. Þú veist manna best hvað er réttast að gera. Voríð er góður tími til náttúruskoðunar og gönguferða, það er alltaf gott þegar fer að birta til eftir dimmuna í vetur. Ræktaðu sambandið við vini þína og vertu dugleg/ur að bjóða þeim í mat.

Steingeit

22. desember – 19. janúar

Reyndu nú að komast á flug og baða út vængjunum. Bjartir dagar eru framundan og sumarið verður tími fyrir ástfangna. Þér mun ganga vel í vinnunni. Vinnufélagarnir kunna vel að meta þína frábæru kímigáfu og lipurð í samskiptum. Ræktaðu garðinn þinn.

Vatnsberi

20. janúar – 18. febrúar

Þetta ár verður enn betra en síðasta ár. Breyttu til og gakktu hreint til verks. Yfirmaður þinn mun líta þig hýru auga eftir frækna frammistöðu síðustu vikna. Notaðu tækifærið og biddu um launahækkun í næsta viðtali. Þú átt það skilið.

Fiskar

19. febrúar – 20. mars

Þú ert snögg/ur að tileinka þér nýjar aðferðir og vinnulag en oft gott að hugsa áður en þú framkvæmir. En athugaðu þó að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér, stundum er betra að taka fyrsta skrefið sjálf/ur. Þú ert geislandi sem aldrei fyrr og hrífur fólk auðveldlega með þér.

Fundað í morgunsárið



VR býður félagsmönnum til morgunverðar áfram í vetur eins og verið hefur undanfarin ár. Með þessu vill félagið koma til móts við óskir og ábendingar félagsmanna og stuðla að meiri samheldni og virkni innan félagsins. Hugmyndin er sú að færa félagið nær félagsmönnum og komast að því hvað brennur helst á fólki hverju sinni og fá þar með hugmyndir að nýrri og bættri þjónustu.

Hringt er í félagsmenn samkvæmt félagaskrá og þeim boðið á fund en að sjálfsgöðu er öllum félagsmönnum velkomið að mæta. Hægt er að skrá sig á netinu eða tilkynna þátttöku til þjónustuværs í síma 510 1700. **Fundirnir eru haldnir kl. 8:30 til 10:00** í fundarsal VR í Húsi verslunarinnar í Kringlunni 7.

Morgunverðarfundir 2007 verða haldnir sem hér segir.

Febrúar	8., 9., 15., 16., 22. og 23.
Mars	1., 2., 8., 9., 15., 16., 22., 23., 29. og 30.
Apríl	26. og 27.
Maí	3. og 4.

Allir velkomnir

Sameining VR og VH samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

Sameining VR og Verslunamannafélags Hafnarfjarðar var samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða í kosningu meðal félagsmanna VH. Á kjörskrá voru 752, kjörsókn var 28% eða 213. Já sögðu 200 félagsmenn eða 94% þeirra sem kusu en nei sögðu 6% eða 13. Engir seðlar voru auðir eða ógildir. Sameiningin tók gildi frá og með 1. janúar 2006. ■



VR í samstarf við Hvammstanga

Skrifað var undir samstarfssamning milli VR og Verslunarmannafélags Vestur Húnavetninga á Hvammstanga í lok desember. Samningurinn hefur það að markmiði að félögin sameinist að ári liðnu, með fyrirvara um samþykki félagsmanna beggja félaga. Þessi samstarfssamningur er á svipuðum nótum og VR hefur gert við verslunarmannafélög Hafnarfjarðar, Akraness og Vestmannaeyja en þeir samningar hafa þegar leitt til sameiningar VR og fyrstu tveggja félaganna. Félagsmenn á Hvammstanga fá full réttindi í VR frá og með 1. janúar 2007. ■

Aðalfundur

Aðalfundur VR verður haldinn á Nordica hótél

mánudaginn 26. mars nk.
og hefst kl. 19:30.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Virðing
Réttlæti





Róttækar breytingar

**Ætlar þú í orlofshús í sumar?
Þá verður þú að lesa þetta**

Róttækar breytingar verða gerðir á fyrirkomulagi bókana orlofshúsa næsta sumar. Ekki verður lengur farið eftir punktaineign og húsum verður þar af leiðandi ekki úthlutað. Þetta er gert til að bregðast við þeim miklu breytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu en nú er hægt að bóka næstum allt á netinu. Verður þetta gert í tilraunaskyni í sumar.

Opnað verður fyrir netbókun fyrir sumarið í heild sinni þann 20. mars. Gildir þá „fyrstur kemur fyrstur fær“ og skiptir þá ekki máli punktafjöldi félagsmanns, aðeins að hann sé greiðandi og fullgildur.

Þessar breytingar eru gerðar til þess að auðvelda félagsmönnum að velja tíma sem hentar og eins til þess að fólk geti fengið staðfestingu strax og skipulagt sumarfríið sitt með góðum fyrirvara.

Opnað verður fyrir bókanir á sama tíma; net, sími og afgreiðsla, kl. 08:30 þann 20. mars n.k.. Hægt verður að bóka vikuleigur, frá föstudegi til föstudags í ákveðin hús, eða skammtímaleigu eins og verið hefur.

Virðing
Réttlæti



Mikil fjölgun félagsmanna með erlent ríkisfang

Fjöldi félagsmanna VR með erlent ríkisfang hefur nær tvöfaldast á rúmum tveimur árum, í október árið 2004 voru þeir um 500 talsins en eru nú 950. Að auki eru um 1.200 félagsmenn sem eru af erlendu bergi brotnir eða fæddir erlendis en hafa íslenskt ríkisfang. Það er ríflega tvöfalt fleiri en fyrir tveimur árum. Flestir erlendra ríkisborgara innan VR eru frá Póllandi eða 198 og hefur fjölgað mikið á undanförunum mánuðum. Rúmlega 70 koma frá Danmörku, 55 frá Þýskalandi og 51 frá Bandaríkjunum. Fyrir tveimur árum voru Danirnir flestir, þá Svíar, Pólverjar og Bandaríkjamenn.

Pólverjum sent bréf

Félagsmönnum VR með pólskt ríkisfang var sent bréf í nóvember sl. þar sem þeim var bent á helstu réttindi skv. kjarasamningum VR og hvernig þeir gætu haft samband við félagið. Þess má geta að kjarasamningur VR og SA hefur verið þýddur á ensku og er aðgengi- legur á netinu. Einnig er þar að finna mikið efni á ensku um íslensk- an vinnumarkað, félagsleg réttindi og helstu atriði úr kjarasamningi VR og SA á pólsku. ■

Breytingar um áramót

Ýmsar breytingar sem snerta launþega tóku gildi um áramót. Ber þar fyrst að nefna að skatthlutfall staðgreiðslu lækkaði í 35,72% og persónuafsláttur hækkaði í 32.150 krónur á mánuði. Frítekjumark barna er kr. 100.745 krónur á árinu 2007. Tryggingagjaldið er nú 5,34% og mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð samkvæmt kjarasamningum VR hækkaði úr 7% í 8%.

Nýársfundur VR

Endurskoðun kjarasamninga setti svip sinn á Nýársfund trúnaðarráðs og trúnaðarmanna sem haldinn var þann 24. janúar sl. Um 150 manns sátu fundinn.

Trúnaðarráð og trúnaðarmenn funda í upphafi hvers árs til að leggja línurnar. Kjarasamningar eru lausir í lok árs og er undirbúningur fyrir endurskoðun þeirra þegar hafinn innan VR. Þetta setti mark sitt á fundinn og kynnti formaðurinn, Gunnar Páll Pálsson, tillögur að framkvæmdaáætlun fyrir samningaviðræðurnar. Í þeim er gert ráð fyrir að settir verði á laggirnar málefnaþópar sem í sitji fulltrúar stjórnar, trúnaðarráðs og félagsmanna. Málefni sem tekin verða fyrir í hópunum eru launamyndun og tryggingar, vinnutími og vernd og erlendir ríkisborgarar á Íslandi. Þessi hópar skili niðurstöðum fyrir fund trúnaðarráðs og trúnaðarmanna sem fyrirhugað er að halda í vor þar sem áherslurnar verði ræddar. Í haust verður síðan gerð skoðanakönnun meðal félagsmanna áður en gengið verður frá endanlegum kröfum í nóvember.

Valkostirnir þrír

VR stendur frammi fyrir þremur valkostum í fyrirhuguðum kjarasamningaviðræðum sagði Gunnar Páll í ávarpi sínu á fundinum:

1. Fara fram með kröfur um launahækkunir og afgerandi breytingar á samningum og láta reyna á verkfallsvopnið, nái þær ekki fram að ganga.
2. Fara fram með svipaðar launakröfur og í síðustu samningum sem myndi skila okkur 2,5% til 3% almennri launahækkun á ári og 0,5% til 1% meira á lægstu laun. Þessi leið myndi þýða að lágmarkslaun yrðu rúmlega 130.000 krónur eftir 2 ár.
3. Að lokum getum við lagt til að kjarasamningum verði breytt og þeir færðir nær því sem er að gerast á Norðurlöndum þar sem hluti af réttindum og hlunnindum hafa verið færðir inn í samninga gegn meiri launahækkunum og hærri lágmarkslaunum. Þetta skapar launafólki sterkari stöðu og hækkar viðmið fyrir bætur almannaþrygginga, s.s. vegna örorku og atvinnuleysis.

Gunnar Páll sagði mikilvægt að umræða um þessar leiðir ætti sér stað innan félagsins en benti á að síðasti valkosturinn væri að sínu mati besta leiðin til að tryggja hagsmuni félagsmanna til framtíðar.

Áherslur í samningum

Ljóst er að í komandi samningum er vilji er fyrir því að endurskoða veikindarétt með það að markmiði að að hjálpa fólki að komast fyrir út á vinnumarkaðinn eftir veikindi eða slys. Þær hugmyndir sem nú eru

til umræðu innan VR miða að því að endurhæfing og aðstoð við veika og öryrkja hefjist fyrr og á markvissari hátt og að hlutverk sjúkrasjóða verði aukið. Þannig gera hugmyndirnar ráð fyrir að rétti til fullra launa hjá vinnuveitanda verði breytt og hluti færður yfir á sjúkrasjóði stéttarféлага. Unnið verið að því að fjölga endurhæfingarúrræðum og efla eftirfylgni.

Velferðarsjóður VR

Stefnt er að því að stofna sérstakan sjóð, Velferðarsjóður VR, sem muni sinna þessu verkefni innan félagsins. Þá gætu félagsmenn einnig sótt um aðstoð úr sjóðnum þegar veikindi eða erfiðleikar steðja að. Í sjóðinn færu einnig fjármunir sem varið hefur verið til ýmissa atburða, s.s. kaffiveitinga 1. maí o.fl. Tillaga að stofnun Velferðarsjóðs verður lögð fyrir aðalfund VR í mars. ■



Ýmis réttindi varðandi uppsagnir



Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, þ.e. sömu reglur gilda um uppsagnarfrest hvort sem það er launþegi sem segir upp starfi sínu eða að vinnuveitandi sem segir upp starfskrafti.

Uppsagnarfrestur

Á fyrstu þremur mánuðum í starfi – uppsagnarfrestur ein vika.

Á 3. til 6. mánuði í starfi – uppsagnarfrestur einn mánuður, bundinn við mánaðarmót.

Eftir 6 mánaða starf – uppsagnarfrestur 3 mánuðir, bundnir við mánaðarmót.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, þ.e. sömu reglur gilda um uppsagnarfrest hvort sem það er launþegi sem segir upp starfi sínu eða að vinnuveitandi sem segir upp starfskrafti. Báðir aðilar þurfa að virða uppsagnarfrest, nema um annað sé samið. Ef ekki næst samkomulag gildir uppsagnarfrestur skv. kjarasamningi. Það þýðir að launþegi þarf að vinna uppsagnarfrest sinn og vinnuveitandi þarf að leyfa honum að vinna starf sitt á uppsagnarfresti eða greiða honum þann tíma án vinnuframlags. Ráðlagt er að hafa allar uppsagnir skriflegar, því oft kemur upp ágreiningur vegna starfsloka.

Hvenær þarf uppsögn að berast

Uppsögn þarf að berast launþega/vinnuveitanda fyrir mánaðarmót, eftir þriggja mánaða starf. Ef uppsögn berst ekki viðtakanda í hendur fyrir mánaðarmót, þá frestast uppsögnin um einn mánuð.

Tímabundin ráðning

Tímabundin ráðning er þegar ráðningarsamningur hefst á ákveðnum degi og lýkur á ákveðnum degi og ákvörðun um það liggur fyrir strax í upphafi ráðningar. Slíkir samningar geta líka verið bundnir við ákveðið verkefni. Tímabundnir ráðningarsamningar þurfa að vera skriflegir. Vinni starfsmaður lengur en tímabundnir ráðningarsamningar segja til um verður samningurinn sjálfkrafa ótímabundinn og um hann gilda almennar reglur um uppsagnarfrest.

Uppsagnir og foreldrar í fæðingarorlofi

Óheimilt að segja barnshafandi konum og foreldrum í fæðingarorlofi upp störfum, nema gildar og rökstuddar ástæður séu til staðar, t.d. eins og ef fyrirtæki lagt niður, verður gjaldþrota, flytur o.s.frv.

Fyrirvaralausar uppsagnir

Óheimilt er að rjúfa vinnusamband fyrirvaralaust, nema mjög alvarlegt og vítavert brot liggja til grundvallar slíkri uppsögn t.d. þjófnaður. Almennt þurfa bæði launþegi og vinnuveitandi að aðvara hinn aðilann skriflega og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en til fyrirvaralausra slita á ráðningarsambandi kemur. Ef hinsvegar sá aðili sem aðvörunina hlaut, bætir ekki ráð sitt eða úr þeirri vanefnd sem aðvarað er fyrir, þá getur komið til fyrirvaralausra slita á vinnusambandi. ■

Uppstokkun í stjórnskipan VR til umræðu

Hugmyndir að róttækum breytingum á stjórnskipan VR voru ræddar á Nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna í janúar. Markmiðið er að auka lýðræðið og gera ákvarðanatöku snarpari. Þessar hugmyndir snúa að framboðum til kosninga og eru sem hér segir.

1. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að kosið verði um helming stjórnar í beinum kosningum. Hvaða félagsmaður sem er getur boðið sig fram, að því tilskyldu að hann hafi ákveðinn fjölda meðmælenda á bak við sig. Þetta ákvæði eigi alltaf við um kosningu formanns, en hann er kosinn annað hvert ár.
2. Um hinn helming stjórnar verði kosið á sama hátt og verið hefur, þ.e. uppstillinganefnd leggur fram framboðslista með nöfnum þeirra. Skilyrt er að enginn þessara frambjóðenda hafi setið lengur en 10 ár samfelld í stjórninni.
3. Og í þriðja lagi er lagt til að fækkað verði í stjórn úr 15 í 11 á næstu fjórum árum, þ.e. um einn stjórnarmann á ári.

Þessar hugmyndir eru til umfjöllunar í uppstillinganefnd og verða lagðar fram til afgreiðslu á næsta aðalfundi. ■

Er þetta peysan?



Við lýsum eftir konunni sem týndi lopapeysunni sinni í Miðhúsaskógi fyrir nokkrum árum. Amma hennar þrjónaði peysuna og var hennar því sárt saknað. Við leituðum dyrum og dyngjum að peysunni án árangurs, þar til hún dúkkaði upp með dularfullum hætti nú nýverið ásamt rauðum stakki. Við getum með engu móti munað hvað eigandinn heitir en ef þú kannast við málið þætti okkur vænt um að hún rataði til eiganda síns. Fötin má nálgast hjá Þórunni Jónsdóttur á skrifstofu VR.

Launahækkanir um áramót

Við viljum vekja athygli félagsmanna VR á eftirfarandi launabreytingum sem munu tóku gildi 1. janúar 2007.

Í samningi milli VR og SA

Laun og aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,9%.*

Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð hækkar í 8%.

* Vegna verðbólguviðmiða í kjarasamningi hækkaði lögbundin launahækkun úr 2,25% í 2,9% skv. samkomulagi milli ASÍ og SA þann 15. nóvember 2005.

Í samningi milli VR og FÍS

Mánaðarlaun undir kr. 200.000.- fyrir fullt starf í dagvinnu skulu hækka um kr. 5.000 þann 1. janúar 2007. Starfsmenn í hlutastarfi fá hækkun hlutfallslega.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf verða kr. 135.000 á mánuði fyrir 18 ára og eldri eftir 3 mánaða starf.

Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð hækkar í 8%.

VR leitar að félagsmönnum til að taka þátt í undirbúningi kjarasamninga

Á nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna var ákveðið að setja á laggirnar málefnaþópa til að undirbúa komandi kjarasamningaviðræður en samningar eru lausir um næstu áramót. Þessir hópar munu taka fyrir þau málefni sem helst brennur á, þ.e. launamyndun og tryggingar, vinnutíma og vernd og stöðu erlendra ríkisborgara á Íslandi. Fulltrúar stjórnar og trúnaðarráðs munu leiða hópana en öllum félagsmönnum er boðið að taka þátt í vinnu þeirra. Hóparnir eiga að skila niðurstöðum fyrir fund trúnaðarráðs og trúnaðarmanna þar sem hugmyndir í komandi kjarasamningum verða ræddar.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessari vinnu geturðu skráð þig á heimasíðu VR, www.vr.is eða hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700 fram til 26. febrúar næstkomandi.

Virðing
Réttlæti





Yfir 30 þúsund manns fá tækifæri til að segja sitt álit í viðamestu vinnu-
markaðskönnun sem gerð hefur verið á Íslandi. Könnunin tekur til yfir
þrjátíu þúsund starfsmanna á vinnumarkaði en í henni meta starfsmenn
sjálfir vinnustað sinn og vinnuaðstæður. Stærstur hluti þátttakenda svarar
að auki spurningum um launakjör sín. Könnunin verður send út í byrjun
febrúar og fylgir happdrættismiði hverri könnun.

Segðu hvað þér finnst

þú gætir verið á leið í frí til Evrópu

Fyrirtæki ársins

VR hefur undanfarinn áratug staðið fyrir könnun meðal félagsmanna sinna undir heitinu Fyrirtæki ársins. Könnunin byggir á þeirri einföldu hugmyndafræði að innra starfsumhverfi fyrirtækja hafi jafnmikil ef ekki meiri áhrif á afkomu þeirra en ytri rekstrarskilyrði. Orsakasamhengið er einfalt. Fyrirtæki sem telst eftirsóknarverður vinnustaður getur valið úr hæfasta starfsfólkinum og nýtur góðs af tryggð starfsmanna. Framleiðsla og þjónusta aukast að gæðum, gott starfsumhverfi dregur úr álagi og eykur almenna starfsánægju og starfsfólkið sýnir frumkvæði í starfi sem ýtir jafnframt undir nýjungar í rekstri fyrirtækisins og árangursríka þróun. Fyrir vikið verður fyrirtækið sveigjanlegra gagnvart breytingum í rekstrarumhverfi þess eða breyttum samkeppnisaðstæðum.

Umfangið eykst

Undanfarin ár hefur könnunin aukist jafnt og þétt að umfangi og tekur nú til mun fleiri en eingöngu VR félaga. Félagsmenn í SFR - stéttarfélagi í almannaþjónustu, munu taka þátt í ár í annað skipti en þeir vinna við margvísleg störf á opinberum vinnumarkaði víða um land. Fjölmörg fyrirtæki hafa að auki tekið þá ákvörðun á liðnum árum að allir starfsmenn, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru, hafi tækifæri til að taka þátt í þessari könnun en þannig fá fyrirtækin heildstæðari upplýsingar um stöðu starfsmannamála innan eigin veggja. Alls fá um 5000 starfsmenn utan VR og SFR færi á að svara könnuninni. Könnunin nær þannig til yfir þrjátíu þúsund starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði - eða þrefalt fleiri en árið 2000 - bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Lykilþættirnir

Í könnuninni er viðhorf starfsmanna til fjögurra yfirþátta mælt; trausts til yfirmanna, virðingar fyrirtækisins fyrir starfsfólkinu, stolts starfsmannanna af fyrirtækinu og starfsanda innan þess. Niðurstöðurnar veita félags-

mönnum aðgengilegar upplýsingar um starfskjör, jafnt innan eigin fyrirtækis og annarra. Hvað fyrirtækin varðar eru þær mælikvarði á frammistöðu þeirra sem vinnustaður og segja til um hvaða möguleika þau hafi til að bæta innra starfsumhverfi sitt.

Launakönnun

Launakönnun VR nær einungis til félagsmanna. Í henni er verið að kanna markaðslaun, þ.e. hvaða laun eru raunverulega borguð fyrir einstök störf og í hverri atvinnugrein. Í könnuninni er að auki spurt um fyrirkomulag launa, vinnutíma, hlunndindi, launaviðtöl og margt fleira. Í ár verður lögð áhersla á að kanna hvernig vinnutíma félagsmanna er háttáð og eru sérstakar spurningar þar að lútandi í launakönnuninni. Félagsmenn SFR mun einnig fá senda launakönnun en þessar tvær kannanir eru aðskildar, bæði í svörun og úrvinnslu.

Frestur til að svara er til 20. febrúar

Capacent Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Þátttakendum gefst færi á að taka könnunina á netinu eða fá hana senda heim. Könnunin verður send út í fyrstu viku febrúar og er frestur til að svara til og með 20. febrúar. Ef þú hefur ekki fengið könnun um miðjan febrúarmánuð, hafðu samband við VR í síma 510 1700 eða sendu skeyti til vr@vr.is

Þú gætir unnið utanlandsferð

Hverri könnun, hvort sem hún er tekin á netinu eða í pappírformi, fylgir happdrættismiði og eru verðlaunin ekki af verri endanum; tíu utanlandsferðir fyrir tvo til Evrópu. Það margborgar sig því að taka þátt; þú leggur þitt af mörkum til að stuðla að aukinni vellíðan í vinnu og getur átt von á utanlandsferð fyrir vikið. Niðurstöður könnunarinnar á fyrirtæki og stofnun ársins 2007 verða kynntar í byrjun maí en launakönnunin verður kynnt í september. ■

FRÆÐSLUMÁL

Starfstengt þjónustunám í framhaldsskóla

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að frá og með næsta hausti verði boðið upp á tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi með möguleika á framhaldsnámi til stúdentsprófs. Kennt verður eftir námskrá sem unnin var fyrir Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina og mun námið skiptast í bóklegt nám í skóla og nám á vinnustað. Nám þetta er hugsað bæði fyrir þá sem eru að hefja nám í framhaldsskóla og líka þá sem þegar eru komnir út á vinnumarkaðinn. Starfsferill þeirra í verslun eða við störf í þjónustu-

greinum væri jafnvel metinn sem hluti af vinnustaðanáminu. Námskeið sem fyrirtæki og vinnustaðir bjóða starfsfólki sínu væru líka skoðuð og metin sem hluti af vinnustaðanámi. Nokkrir skólar hafa lýst áhuga sínum á að taka þátt í þessu verkefni og fóstra þetta nám en ekki er endanlega frágengið hvaða skólar taka þátt í verkefninu. Nú mun fara í gang námsefnisgerð og undirbúningur að kynningu námsins. Gert er ráð fyrir að kynning á náminu fyrir væntanlegum nemendum geti hafist í marsmánuði. ■



FRÆÐSLUMÁL

Styrkir vegna námskeiða

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SA) eða Starfsmenntasjóðs verslunarinnar (FÍS).

Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda. Styrkur til félagsmanns getur þó aldrei numið hærrí fjárhæð en stigaeign hans kveður á um og reglan er sú að eitt stig sem nú er að jafnvirði kr. 1.000 er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn, miðað við allt að 150.000 kr. mánaðarlaun. Sjóðurinn er tekjutengdur.

Skilyrði fyrir styrk

Umsækjandi um styrk þarf að hafa greitt til félagsins a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Skila þarf inn greiðslukvittun sem stíluð er á félagsmann og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins eða á skrifstofunni. Gögn og umsóknir um styrki þurfa að berast innan 12 mánaða frá útgáfu reiknings. Styrkir eru greiddir út vikulega og umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi á þriðjudegi til þess að ná greiðslu á föstudegi.

Veittir styrkir

Fyrir utan starfsmenntastyrki eru einnig veittir tólmundastyrkir og ferðastyrkir vegna námsferða. Nánari upplýsingar eru hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700. Hægt er að nálgast samþykktir og starfsreglur Starfsmenntasjóðanna sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, www.vr.is eða á www.starfsmennt.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið styrkir@vr.is ■

FRÆÐSLUMÁL

Fyrirlestraröð VR í vetur

Í vetur verður áfram boðið uppá klukkutíma hádegisfyrirlestra þar sem ýmsir sérfræðingar munu ræða um áhugaverð málefni. Fyrirlestrarnir eru öllum félagsmönnum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir kl. 12-13 í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð og eru léttar veitingar í boði.

Netfíkn barna og unglinga

8. febrúar

Hallur Guðjónsson sálfræðingur

Internetinu hefur verið hampað sem einni merkustu uppfinningu allra tíma og skákað hlutum eins og símanum, sjónvarpinu, bílnum og flugvélinni. Með þessari merku uppfinningu hafa þó komið ýmis vandamál og skv. nýjustu tölum Hagstofunnar má búast við að um 26.000 Íslendingar eigi á hættu að ánetjast netnotkun sinni. En getum við gert eitthvað í þessu?

Ef mér finnst það fyndið... fyrirlestur um húmor

1. mars

Þekkingamiðlun, Jón Gnarr fjöllistamaður

Lífið væri lítils virði á brosa og hláturs. Jón Gnarr hefur marga fjöruna sopið sem einn þekktasti grínisti þjóðarinnar. Hér veltir hann vöngum og segir frá fyndni á sinn hátt í gríni og alvöru.

Konur koma fram

22. mars

IMG, María Ellingsen leikkona

Fjallað verður um aukið öryggi og útgeislun við ræður og fyrirlestrahald, meiri ánægju og árangur af opinberri framkomu.

Virðing á vinnustað

26. apríl

Lectura, Lísbet Einarsdóttir félags- og atvinnulífsfræðingur

Í fyrirlestrinum er rætt um samskipti á vinnustað þ.á.m. einelti og kynferðislega áreitni.



Skráning í þjónustuveri í síma 510 1700
og á www.vr.is

Félagsmenn á Akranesi og í Vestmannaeyjum

athugið: Í vetur verður hægt að mæta á skrifstofuna á staðnum og fylgjast þar með fyrirlestrunum í gegnum fjárfundabúnað.

Hafa launin þín hækkað nóg?

Veistu hvort laun þín hafa þróast svipað og laun á almennum vinnumarkaði? Veistu hvort kaupmáttur þinna launa hafi aukist eða rýrnað síðustu mánuði?

Ef þú ert að fara í launaviðtal er mikilvægt að þú hafir þessar upplýsingar við höndina. Ný þjónusta á vef VR svarar þessum og fleiri spurningum um það hvernig þín laun hafa þróast og hvernig þau ættu að hafa þróast miðað við tilteknar forsendur. Einnig geturðu séð hver markaðs-launin eru fyrir tiltekið starf í valinni atvinnugrein, og er þá vísað í niðurstöður nýjustu launakönnunar VR.

Það er auðvelt að fylgjast með því hvernig laun hækka í samræmi við kjarasamningsbundnar launahækkningar. Það er hins vegar mun erfiðara að fylgjast með hækkunum sem koma til vegna launaskriðs, hvað þá að bera þær hækkningar saman við það sem er að gerast hjá öðrum. Á vef VR, www.vr.is, er nú boðið upp á nýja þjónustu þar sem þú getur skoðað þróun þinna launa og launavísitalna tvö ár aftur í tímann og fengið þannig samanburð við launaþróun á vinnumarkaði.

Hvernig á ég að reikna út mína launaþróun?

Hér er í raun um að ræða reiknivél sem reiknar út breytingu á þeim launum sem þú slærð inn frá upphafs-mánuðinum til lokamánaðarins. Þú velur mánuðina, slærð inn launin og velur síðan hvaða launaupplýsingar þú vilt fá til samanburðar úr launakönnun VR. Hægt er að sleppa samanburðinum við launakönnunina. Þetta gefur þér yfirlit sem þú getur prentað út.

Ef þú ert ekki viss um hver launin þín voru í upphafs- eða lokamánuði geturðu séð upplýsingar um félagsgjöld þín á Mínunum síðum en félagsgjald er 1% af launum. Aðgang-

ur að Mínunum síðum er frá forsiðu www.vr.is, og er hann stýrður með lykilorði. Þú getur sótt um lykilorð á heimasíðu VR og verður það sent heim til þín.

Berðu saman sambærilegt vinnuframlag

Mikilvægt er að laun í upphafs- og lokamánuðum endurspegli sama starfshlutfall og vinnutíma, að öðrum kosti verður niðurstaðan röng. Til dæmis geta nokkrir yfirvinnutímar í öðrum hvorum mánuðinum skekkt niðurstöðuna ef þú færð greitt fyrir unna yfirvinnu. Ef þú vilt sjá þróunina á launum yfir heilt ár er nauðsynlegt að velja sama mánuð fyrir hvort ár um sig.

Á yfirlitinu eru birtar upplýsingar um:

Breytingu á þínum launum á viðmiðunartímanum, þ.e. hversu mikið þau hafa hækkað eða lækkað á milli þeirra mánaða sem þú valdir.

Breytingu á vísitölu neysliverðs en hún sýnir breytingar á verðlagi.

Kaupmáttarbreytingu þeirra launa sem þú slóst inn á því tímabili sem þú valdir. Ef þessi tala er jákvæð hefur kaupmáttur þinna launa aukist sem þessu nemur á viðmiðunartímanum en rýrnað ef þessi tala er neikvæð.

Breytingu á launavísitölu VR en hún mælir breytingu á meðalmánaðarlaunum ríflega 70% félagsmanna VR.

Breytingu á launavísitölu Hagstofunnar en þessi vísitala sýnir breytingar á mánaðarlaunum á vinnumarkaði.

Launahækkningar samkvæmt kjarasamningi við SA á tímabilinu.

Niðurstöður úr síðustu launakönnun fyrir meðaltal launa ásamt 25% og 75% mörkum fyrir það starf sem þú valdir í þeirri atvinnugrein sem þú valdir.

Mannekla skapar ófremdarástand

Er þörf á endurskoðun á launakerfi hins opinbera eða rekstrarformi þjónustunnar?

Enn og aftur standa útvinandi foreldrar frammi fyrir því að mannekla á leikskólum skapar þeim óvissu og erfiðleika á vinnumarkaði. Ómannað er í alltof margar stöður á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu svo ásættanlegt sé. Það hlýtur að vera krafa allra að dagvistun barna sé tryggð því kostnaðurinn sem fylgir stopulli dagvistun er mikill, fyrir bæði starfsmenn og atvinnulífið. Ljóst er að launamálin eiga stóran þátt í því hvernig komið er fyrir mönnun á leikskólum landsins - og ekki síður við umönnun sjúkra og aldraðra. Það er löngu tímabært að taka til endurskoðunar það launakerfi eða rekstrarform sem ekki ræður við þær kröfur sem eðlilegar geta talist.

Starfsmenn hafa rétt til leyfis - launalaust

Þegar börn eru send heim af leikskólum vegna þess að ekki hefur tekist að manna stöður hefur það í för með sér mikla röskun fyrir foreldra. Margir félagsmenn hafa haft samband við VR til að leita upplýsinga um rétt sinn á vinnumarkaði í þessari stöðu. Samkvæmt lögum nr. 27/2000 um fjölskylduábyrgð eiga starfsmenn rétt á að fá leyfi frá störfum til að sinna fjölskyldumálum þegar svona stendur á. Það leyfi er hins vegar launalaust og skerðir þar af leiðandi tekjur fjölskyldunnar. Kostnaður fyrir atvinnulífið er einnig mikill, í glötuðum vinnustundum og óvissu á vinnumarkaði.

Mikið hefur verið fjallað síðustu mánuði og ár um manneklu í leikskólum og skort á starfsfólki við umönnun sjúkra og aldraðra. Hér er um að ræða störf sem skipta þjóðfélagið miklu máli; við að undirbúa börnin okkar til þess að taka við rekstri samfélagsins og umönnun þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum við að byggja upp þá velmegun sem við búum við í dag.

Ábyrgð þjóðfélagsins

Launaþróun í þessum störfum hefur verið skelfileg, svo ekki sé meira sagt. Þau eru fyrst og fremst mönnuð konum og að stærstum hluta á forræði ríkis og sveitarfélaga. Þessi þróun vekur upp margar spurningar; um þjóðfélagslega ábyrgð, jafnréttismál og launamál. Launin hrekja hæft starfsfólk úr þessum störfum. Það leitar á hinn almenna vinnumarkað þar sem það fær laun sem endurspeglar betur reynslu þess og kunnáttu. Til að bregðast við þessu er í auknum mæli ráðið starfsfólk sem e.t.v. hefur ekki til að bera þá reynslu og kunnáttu sem nauðsynleg er í svo kröfuhörðum störfum sem hér um ræðir.

Þarna höfum við brugðist þjóðfélagslegri ábyrgð okkar. Jafnréttissjónarmiðið er heill kapítuli út af fyrir sig. Kennarastéttin er orðin kvennastétt að stærstum hluta og það heyrir til undantekninga að sjá karlmenn við umönnun aldraðra og sjúkra. Er það svona sem við réttum hlut kvenna á vinnumarkaði?

Launakerfið ræður ekki við stöðuna

Þróun þessara mála bendir til þess að miðstýrt launakerfi hins opinbera ráði ekki við þær kröfur sem gera verður til þess eða rekstrarformið hentar ekki þeim veruleika sem við búum við. Ábyrgð þessara starfa ein og sér ætti að duga til þess að launin séu mannsæmandi. Þau eru það ekki. Það skortir ekki áhugann hjá fólki á að sinna þessum störfum. Það skortir á að við metum þau að verðleikum og sýnum það í launaumslaginu.

VR skorar á ríki og sveitarfélög að taka þessi mál til endurskoðunar og færa launin nær markaðslaunum, sem kann að reynast þrautin þyngri, eða endurskoða rekstrarform þjónustunnar. Aðeins þannig getum við tryggt að hægt sé að ráða fólk til að sinna þessum störfum, sem allir eru sammála um að séu þjóðfélaginu mikilvæg. ■





VIÐTALIÐ

Kaffispjall kvenna

VR-blaðið bauð þremur konum í kaffi um daginn. Þær hafa valið sér gjörólíkan starfsvettvang og hafa fjölbreyttar skoðanir á vinnu, vinnu-menningu og viðhorfi til vinnunnar. Eins bar á góma staða kvenna á vinnumarkaði og tennisspaðar þrítugra karlmannna.

Sigríður Erla Jónsdóttir er viðskiptafræðingur, með meistara-gráðu í alþjóðaviðskiptum með áherslu á stöðu þróunarlandanna í hnattvæðingunni.

„Ég hef meðal annars starfað sem markaðsstjóri, deildarstjóri með mannaforráð í banka og framkvæmdastjóri lítils leikhúss með veitinga-sölu og hef mjög fjölbreytta reynslu af margs konar rekstri. Ég fór fyrir nokkrum árum til Kaupmannahafnar í meistaranám í CBS, Copenhagen Business School, og að því loknu var ég ekki með neina trygga vinnu á Íslandi. Ég tók því til minna ráða og „flutti inn“ uppáhalds kaffihúsið mitt frá Danmörku. Ég rak það í eitt ár og það var reglulega skemmtilegt. En það hefur ekki gengið hjá mér að fá starf sem tengist sérmenntuninni og núna er ég í ýmsum verkefnum hjá Kennara-háskóla Íslands, undir hatti stofnunar sem ber nafnið: Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf. Ég hafði áður starfað við kennslu á öllum stigum grunnskóla, í öldungadeild og í fjölbraut og fannst það góður grunnur að byggja á.“

Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Diddú, þarf vart að kynna en ekki margir vita að hún gekk með hjúkrunarfræðing í maganum í mörg ár áður en söngurinn tók hug hennar allan.

„Ég vann sex sumur á Kleppsspítala og mig dreymdi um að starfa við hjúkrun. En örlögin tóku í taumana og áður en ég vissi af var ég farin að syngja með sprækum drengjum og við kölluðum okkur Spilverk þjóðanna. Upp úr því var ég hvött til að læra söng og ég sótti tíma

hjá söngkennara á Íslandi. En ég varð að fara erlendis, ég gat ekki lært söng á Íslandi því ég fékk engan frið! Það var sífellt verið að kalla á mig í önnur verkefni, hvort sem það var í poppi eða einhverju öðru og einbeitingin var eftir því. Ég hafði nánast enga grunnþekkingu í tónlist en þreytti inngönguþróf og var tekin inn á undanþágu 25 ára gömul. Að fimm árum liðnum var ég ein fjögurra sem kláruðu námið af 27 sem hófu það. Enda var ég bókstaflega alla daga frá morgni til kvölds í skólanum, eins og Óperudraugurinn.“

Kristín Einarsdóttir er vörustjóri námsbóka hjá Pennanum og hefur komið víða við þó að bækurnar hafi alltaf verið skammt undan.

Ég hef unnið í bókabransanum síðustu 20 árin. Ég byrjaði í bókabúð Máls & Menningar í Síðumúla og fór þaðan í bókabúðina á Laugavegi þar sem ég vann í erlendu deildinni en innan hennar voru allar námsbækur. Ég tók við sem deildarstjóri þar en síðan skiptist deildin og ég tók alfarið við námsbókum. Ég sá bæði um pantanir erlendis frá sem og að þjónusta skólana varðandi útgáfubækur Máls & Menningar. Eftir stofnun Eddu-útgáfu fluttist ég inn á Suðurlandsbraut. En þegar Edda seldi bókabúðir sínar var mitt starf þar lagt niður og ég hóf þá störf hjá Pennanum og er nú komin aftur á Laugaveg 18.

En í eldgamla daga var ég flugfreyja hjá Loftleiðum og það fyrir þotuöld, mér finnst alltaf dálítið hlægilegt að hugsa til þess!“ **frh. »**

Dillandi kvenmanns hlátur ómar á Thorvaldsen bar, þessar konur skortir ekki kímniþáfunu – og hvað þá vinnugleðina.

Didú: Mér finnst það hafa verið forréttindi að fást eingöngu við söng. Ég er með söngkennararéttindi en hef ekki ennþá sinnt kennslu, nema í forni „master-classa“, og líka hef ég tekið nokkra nemendur í stuttan tíma. En ég lít svo á að ég sé að safna í kennarareynslusarpinn á hverjum degi og hver veit nema ég kenni meira þegar fram í sækir.

Kristín: Mér finnst yndislegt að vinna með bækur og það eru ákveðin forréttindi, eins og Didú segir, að þykja gaman í vinnunni. Þá telur starfskrafturinn ekki eftir sér að leggja hart að sér þegar þess þarf þó að öllum sé auðvitað hollt að virða sína hvíldardaga.

Sigríður Erla: Ég þrífst á harkinu sem fylgir mínu starfi og mér finnst gaman að „atast“; nú klæjar mig í fingurna að opna fyrirtæki, vinna mikið, ráða til mín fólk og sjá hlutina gerast. Ég hef alltaf átt voðalega erfitt með að fara heim úr vinnunni á skikkanlegum tíma, mér finnst einfaldlega svo gaman.

Kristín: Ef því sem árin líða hef ég þó orðið meðvitaðri um að hvíla mig, það kemur með auknu sjálfstrausti að maður ræður sér alltaf meira sjálfur. Mér finnst ég reyndar alltaf vera tvítug en hef líka því láni að fagna að vinna náði með skemmtilegu og góðu fólk sem er í kringum fertugt, fimmtugt og sextugt. Það er af sem áður var að konur lögðu árar í bát þegar ákveðnum aldri var náð, skelltu sér í eftirmiðdagskjólana og létu sér leiðast.

Didú: Eða Hagkaupssloppana! Ég er sammála Kristínu, aldur er hugarástand, leikur að tölum. Í dag eldist fólk með allt öðrum hætti, það er óragara við að breyta til og endurmennta sig. Fólk starfar ekki lengur endilega við það sama alla tíð, hjá sama fyrirtækinu.

Keppni við unga karla

Sigríður Erla: Fyrirtækjameningin er nú samt sem áður ekki sérlega hliðholl konum, alla vega ekki í mínum geira. Ég finn áþreifanlega fyrir því þessi árin að ég er komin á miðjan aldur og keppi við unga kapp í teinóttum jakkafötum sem koma hlaupandi til fundar við mig með tennisspaðann upp úr töskunni. Ég hef einnig lent í vandræðalegum uppákomum á ráðningarskrifstofum þar sem ungar konur hafa tekið við mig vélræn, stöðluð viðtöl sem ekkert hefur komið út úr. Þær þylja upp spurningarnar á listanum af stakri skyldurækni en ég er ansi hrædd um að þær séu ekki miðaðar við reynslu og þekkingu miðaldra kvenna! Það er spyrnunum ekki að kenna, þeir setja bara x á rétta staði en ef ég spyr almennt út í starf eða segi frá minni fjölbreyttu reynslu er ljóst að það passar ekki við eyðublaðið. Þó er sú skoðun útbreidd að konur á mínum aldri eru bestu starfskraftarnir, börnin orðin sjálfbjarga og konurnar í blóma lífsins.

Didú: Ég efa ekki að þú gætir kennt þeim svo margt.

Sigríður Erla: Ég efa það heldur ekki!

Didú: Ég skil ekki af hverju strákum er kennt að líta svo stórt á sig.

Kristín: Menningin hefur verið þannig, frá upphafi vega, „strákarnir standa saman“. Bókabransinn er ekki beinlínis karllægur nú um mundir en reyndar eru útgáfustjórnarnir svo til allir karlar. Það er þó að breytast, bókaforlagið Salka er eingöngu rekið af konum, með áherslu á kvenna-bókmenntir og eins hefur bókaforlagið Jentas, áður PP-forlag, verið að gera góða hluti.

Didú: Ég er einyrki og þetta horfir því allt öðruvísi við hjá mér. Ég er ekki einu sinni með umboðsmann heldur sé ég um allar mínar bókanir sjálf og það getur enginn rekið mig – nema ég sjálf! Ég hugsa stundum til þess að einn daginn fer símhringingunum eflaust fækkandi en, 7-9-13, það hefur ekki enn gerst. En það fylgja mínu starfi vissir ókostir, til dæmis er enginn ákveðinn launataxti, hann þarf ég að búa til sjálf. Mér finnst mjög erfitt að verðleggja sjálfa mig en karlsöngvurum þykir það áberandi minna erfitt og biðja oft um helmingi hærrí laun, án þess að blikna. En ég er að læra af þeim! Það eimir talsvert eftir af þeirri hugsun að karlmenn séu fyrirvinnur – konur ekki.

Sigríður Erla: Ég fann harkalega fyrir þessu árið 1991 þegar ég gekk í starf manns sem hafði verið látinn fara frá fyrirtæki og átti að gera mér að góðu næstum helmingi lægri laun en hann hafði haft. Ástæðan sem mér var gefin var sú að „hann sá nú um heimili.“

Kristín: Ég fékk nákvæmlega sama svar árið 1960, svo þetta hefur greinilega lítið breyst. En margt annað hefur breyst til batnaðar og mikilvægast finnst mér að vinnudegi starfsfólks í bókabúðum, sem er mestmegnis konur, er nú lokið klukkan fimm en ekki sex. Það munar sannarlega um það. En á móti kemur að mér finnst opnunartími verslanna skelfilega langur og setur þrýsting á starfsfólkið, þó það vilji vinna skikkanlega lengi er sífellt verði að biðja það að vera lengur, vinna aukavaktir og um helgar.



Didú: Ég er ofurseld óreglulegum vinnutíma, þegar kallið kemur hleyp ég af stað og syng. Oft hefur það verið erfitt, sérstaklega þegar óperufrumsýningar voru á jólonum. Oft hafa dætur mínar spurt mig af hverju ég geti ekki unnið frá 8-4, eins og venjuleg mamma.

Dugleg úthverfahúsmóðir

Kristín: Ég bjó í Afríku í sjö ár á meðan maðurinn minn vann fyrir Þróunarsamvinnustofnun og þvítíkt lúxuslíf! Ég gat sinnt börnunum mínum litlum og kenndi þeim raunar heima. Á þessum tíma las ég ógurlega mikið og kafaði djúpt ofan í bandarísku kvennabaráttuna í kringum 1980. Ég átti vinkonur sem sendu mér látlaust bækur og ég man sérstaklega eftir einni sögu sem lýsir vel tíðarandanum þá. Efniviður sögunnar eru konur sem fara ekki út á vinnumarkaðinn, eða bandarísku úthverfahúsmæðurnar. Ein konan átti mann sem fékk stöðuhækkun, framkvæmdastjórástöðu í sínu fyrirtæki. Þá varð auðvitað að bjóða forstjóranum og fleiri úr yfirstjórninni í mat. Konan átti ekki í neinum vandræðum með að elda og reiða fram dýrindis mat en hún las líka blöð dagsins svo hún væri vel viðræðuhæf og það var hún raun, enda vel menntuð. Hún tekur vel á móti gestunum á flottu og fínu heimili þeirra hjóna og það er sest til borðs. Gestir og húsráðendur spjalla og skyndilega tekur konan eftir því að allir eru að horfa á hana og veita henni mikla athygli. Hún hugsar með sér, „vá, ég hef virkilega eitthvað til málanna að leggja.“ En þá lítur hún niður og tekur eftir því að hún er að skera niður matinn á diskum forstjórans!

En hvað með viðhorf til vinnu? Breytist það með árunum?

Didú: Það hellist oft yfir mig hvað það eru mikil forréttindi að fást við söng en svo upplifi ég líka augnablik þar sem ég óska þess heitast að hafa gert eitthvað annað við líf mitt. Ég geri svo miklar kröfur til sjálfrar mín og finnst ég aldrei hafa gert nógu vel. En ég ætla að ákveða sjálf hvenær ég hætti, og einnig á ég ágætis ráðgjafa sem ætla að gefa mér merki þegar ég hef sungið nóg.

Kristín: Að sumu leyti breytist það, þó að maður vilji alltaf gera betur og geri miklar kröfur. Ég hef lært að stoppa við 100 prósentin, þó það. Ég er bara svo heppin, eins og Didú, að mér finnst ofsalega gaman í vinnunni. Og ég vinn innivinnu, ekki úti í kuldanum, það er víst hægt að þakka fyrir það á Íslandi.

Sigríður Erla: Dóttir mín er nýútskrifuð stúdína og veit ekki hvað hún vill gera. Ég benti henni á að velja sér vettvang þar sem henni þætti gaman að vinna. Íslendingar vinna langan vinnudag, það er gefið og við eyðum bróðurpartinum af ævi okkar á vinnustaðnum. Það verður því að vera gaman.

Það er gaman að hitta skemmtilegar konur yfir kaffibolla og spjalli. Blaðamaður þrjár sig sæla að vera í skemmtilegri vinnu – sem mestmegnis fer fram innandyra. ■





KJARAMÁL

VR hættir afgreiðslu atvinnuleysisbóta

Um árabíl sáu stéttarfélög á Íslandi um afgreiðslu atvinnuleysisbóta til félaga sinna og úthlutunarnefndir bóta voru um land allt. Fyrir um 10 árum var kerfið stokkað upp og úthlutunarnefndum fækkað og síðan var fækkað enn frekar þannig að í Reykjavík voru t.d. aðeins tvær nefndir sem sáu um afgreiðslu og borgun bóta, hjá VR og hjá Eflingu stéttarfélagi.

Með nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar, sem tóku gildi þann 1. júlí 2006, voru allar úthlutunarnefndir lagðar niður nema ein nefnd sem mun ekki úthluta bótum eins og áður var heldur afgreiða vafamál og móta stefnu. Í staðinn mun Vinnumálastofnun taka að sér alla framkvæmd nýju atvinnuleysisbotalaganna og starfsmenn stofnunarinnar taka ákvarðanir um bótarétt og greiðslur. Í kjölfar þessa sagði Atvinnuleysis-

tryggingasjóður upp þjónustusamningi við VR og Eflingu sem þýðir að frá og með 1. apríl 2007 færast öll afgreiðsla og borgun bóta yfir til ríkisins.

Mikilvægur þáttur hinna nýju atvinnuleysisbotalaga er aukin áhersla á starfs- og námsráðgjöf samhliða bótagreiðslum og er vilji fyrir því hjá Vinnumálastofnun og VR að móta samstarf félagsins og stofnunarinnar um vinnumarkaðsúræði fyrir þá sem þurfa t.d. á starfsendurhæfingu og menntunarúræðum að halda.

Eftir sem áður mun VR að sjálfsögðu aðstoða sína félagsmenn sem þurfa ráðleggingar eða hjálp vegna umsókna um atvinnuleysisbætur eða vegna kæra, auk þess sem félagsmenn sem eru á atvinnuleysissskrá geta útleyst þá inneign í Varasjóði VR sem þeir kunna að eiga. ■

ORLOFSHÚS

Páskahelgin í orlofshúsi

Sækið um fyrir 20. febrúar

Fyrir þá sem vilja freista þess að sækja um orlofshús VR um páskana er nú tímabært að sækja um. Páskadagur er að þessu sinni 8. apríl.

Undanfarin ár hefur páskavikunni verið skipt í tvennt í nokkrum húsum til að fleiri geti átt kost á að komast í sveitina í páskafríinu. Svo verður einnig í ár. Vikunni verður skipt frá miðvikudeginum 4. apríl til hádegis laugardaginn 7. apríl og frá laugardeginum til þriðjudagsins 10. apríl í 12 húsum. Í öðrum húsum félagsins verður hægt að leigja vikuna alla eða frá 4. apríl til 10. apríl.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar. Best er að sækja um á heimasíðu VR, www.vr.is en einnig er hægt að nálgast eyðublað og upplýsingar um úthlutun, á netinu og senda á skrifstofu VR.

Að þessu sinni standa félagsmönnum VR til boða: 1 hús í Ölfusborgum, 2 hús í Vaðnesi, 20 hús í Miðhúsaskógi, 3 hús á Flúðum, 2 hús á Einarstöðum, 5 hús í Húsafelli, 2 íbúðir í Stykkishólmi, 6 íbúðir á Akureyri, 2 hús að Minni Borg í Grímsnesi og 1 hús í Hraunborgum í Grímsnesi.

Úthlutun munu liggja fyrir 27. febrúar og fá allir umsækjendur sendan tölvupóst eða bréf um niðurstöðurnar. Leigusamning þarf svo að undirrita á skrifstofu VR fyrir 8. mars.

Hægt er að ganga frá greiðslu í skrifstofu VR eða greiða með kredit korti gegnum síma.



Leiguverð:	½ vika	ein vika
Miðhúsaskógur	13.500	27.000
Húsafell	13.500	27.000
Stykkishólmur	13.500	27.000
Minni Borgir	19.700	
Flúðir		27.000
Ölfusborgir		27.000
Vaðnes		27.000
Einarstaðir		22.500
Akureyri fyrir 7 manns		22.500
Akureyri fyrir 4		15.400
Húsafell fyrir 6 manns		16.500
Húsafell fyrir 3-4		15.400
Hraunborgir fyrir 6 manns		16.500

Andrés önd á Akureyri

Eins og síðast liðið ár verður íbúðunum í Furulundi á Akureyri úthlutað þá daga sem Andrésar andar leikarnir standa yfir, 18. - 22. apríl 2007. Sækja þarf um á netinu, www.vr.is eða á skrifstofu VR fyrir 15. febrúar nk.

Niðurstöður munu liggja fyrir 20. febrúar 2007. Verð fyrir þessa daga er kr. 15.800.



ORLOF

Sól og sumar 2007

Nýtt fyrirkomulag - engin úthlutun

Nú geta VR félagar valið úr nokkrum dvalarstöðum í sólina næsta sumar því VR hefur samið við ferðaskrifstofuna Sumarferðir um ferðir á mjög góðu verði til Calpe á Spáni, Mallorca, Portúgal, Tenerife og Lanzarote.

Nýtt fyrirkomulag – bókað beint á www.vr.is

Að þessu sinni verður ekki úthlutað eftir punktafjölda. VR félagar fara sjálfir inn á vefinn og ganga frá sinni pöntun. Hægt er að velja um eina, tvær eða þrjár vikur.

Pantanir eru gerðar í gegnum Mínar síður á www.vr.is. Þeir sem ekki hafa lykilorð að Mínum síðum geta sótt um það á forsíðu heimasíðu VR, ofarlega til hægri. Lykilorðið verður sent í pósti á það heimilisfang sem skráð er á viðkomandi í félagaskrá VR. Á Mínum síðum er hlekkur á svæði á heimasíðu Sumarferða þar sem félagsmenn geta skoðað upplýsingar um áfangastaðina og gengið frá sínum pöntunum. Athugið að einungis fullgildir félagsmenn geta bókað ferð sumarið 2007.

Opnað verður fyrir bókanir 9. febrúar 2007.

Calpe

Þetta er í fjórða sinn sem VR býður félagasmönnum sínum upp á hagstæðar sumarleyfisferðir til Calpe á Spáni og hafa þær notið mikilla vinsælda hjá VR félögum. Bærinn er einstaklega hentugur fjölskyldustaður, frábærar strendur, vinalegt andrúmsloft og fjölbreytt afþreying í boði. Calpe er hefðbundinn spænskur smábær með þröngum götum, útiveitingastöðum í skemmtilegum Miðjarðarhafsstíl. Tvær sandstrendur umlykja bæinn en hinn 332 m hái lfach klettur skilur strendurnar að. lfach kletturinn er eitt af helstu táknum Costa Blanca strandarinnar, þar sem hann rís tígulegur upp úr Miðjarðarhafinu.

Tenerife

Eyjan, sem er sannkölluð blómaeyja, tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu fyrir einstakt náttúruferð og veðursæld, hreinleika og góðan aðbúnað. Eyjan er rétt um 300 km frá ströndum Afríku og 1300 km frá meginlandi Spánar. Höfuðborgin er Santa Cruz. Á Tenerife er jafnt veðurfar allan ársins hring. Meðalhiti er 20-22 gráður, á svalari dögum fer hitinn vart undir 15 stig og sjaldan yfir 30 gráður. Vegna fjallanna er loftslagið mismunandi á norður- og suðurhlutanum, sól og blíða á sunnanverðri eyjunni þar sem flestir ferðamenn eru en meira skýjað fyrir norðan.

Mallorca

Mallorca er einn vinsælasti sumardvalarstaður Evrópu enda býður eyjan upp á einstaka blöndu náttúruferðar, menningar og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Veðrið er frábært, strendurnar hreinar og hvítar og umhverfið notalegt. Á Mallorca geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Margvísleg afþreying í boði fyrir alla aldurshópa, iðandi mannlíf allan sólarhringinn og úrval skemmtilegra veitingastaða. Einstök upplifun er að keyra upp í fjallapörpin.

Portúgal

Portúgal er aðeins minna en Ísland en íbúarnir eru um 11 milljónir. Þær eru ekki margar sólarstrendurnar í Suður-Evrópu þar sem sólþyrstir íbúar norðurálfu geta flatmagað innan um geðþekka trillukarla sem dytta að netum sínum og bátum. Þetta er upplifun þeirra sem koma til Albufeira, gamla fiskimannabæjarins. Albufeira hefur upp á allt að bjóða fyrir hið fullkomna sumarfrí. Gamli bærinn með sinn einstaka og óspillta sjarma iðar af lífi jafnt að nóttu sem að degi. Í litlum þröngum göngugötum út frá aðaltorginu er fjöldinn allur af verslunum, kaffihúsum, veitingastöðum og börum.

Lanzarote

Stór hluti alls lands á Lanzarote, sem er hluti Kanaríeyjaklasans er á heimsminjaskrá Unesco fyrir sérstæða náttúrufergud. Íbúar Lanzarote framkvæma í sátt við umhverfið og gesturinn gengur inn í nýjan menningarheim sem á engan sinn líka. Kannski ekki tilviljun að Lanzarote er hluti eyjaklasans sem sagður er leifar hins forna Atlantis. Lágrest hús, hvítar strendur, einstök menning í mat og drykk og frábær hótél gera heimsókn til Lanzarote að ógleymanlegu ævintýri fyrir ferðalanga á öllum aldri.

Verðdæmi

Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting.

Calpe

Verð á mann kr. 52.375

m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)

14. júní í 2 vikur

Gisting Ambar Apts - íbúð með 1 svefnherbergi

Lanzarote

Verð á mann kr. 50.434

m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2 - 11 ára)

3. júní í 2 vikur

Gisting á Flamingo - íbúð með 1 svefnherbergi

Mallorca

Verð á mann kr. 52.806

m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)

28. maí í 2 vikur

Gisting Viva Blue - íbúð með 1 svefnherbergi

Tenerife

Verð á mann kr. 49.227

m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)

22. ágúst í 2 vikur

Gisting Parque Santiago - íbúð með 1 svefnherbergi

Portúgal

Verð á mann kr. 53.292

m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)

29. júní í 2 vikur

Marina Park - íbúð með 1 svefnherbergi

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmannanámskeið

Fullt af fróðlegum námskeiðum á nýju ári



**Skráning í þjónustuveri í síma 510 1700
og á Mínum síðum á www.vr.is**

Verkefni og staða trúnaðarmanna

Gunnar Páll Pálsson formaður VR ásamt starfsmönnum VR

13. febrúar, 13. mars og 17. apríl, kl. 8:30-10:30.

Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn þar sem farið er yfir það helsta sem skiptir máli í trúnaðarmannastarfinu.

Kjaramál

Leiðbeinandi, Elías G. Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR

27. febrúar, kl. 8:30-12:30

Farið yfir helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira.

Sjóðir og þjónusta VR

Starfsmenn þjónustusviðs VR og Lífeyrisjóðs verzlunarmanna

6. mars, kl. 8:30-12:00.

Þjónusta VR er víðtæk og á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, orlofssjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur og Lífeyrissjóð verzlunarmanna.

Heilsa og líðan á vinnustað

Ása G. Ásgeirsdóttir, Vinnueftirlit ríkisins

20. mars, kl. 8:30-12:30.

Samkvæmt vinnuverndarlögum á atvinnurekandi, í samstarfi við starfsmenn og fulltrúa þeirra, að stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Að mörgu er að hyggja og mikilvægt að trúnaðarmenn þekki vel til þessara mála.

Að koma fram

María Ellingsen, leikari

3. apríl, kl. 8:30-12:30.

Á þessu námskeiði er fyrst unnið að því að minnka sviðskrekk og auka útgeislun. Gerðar eru æfingar til að ná fram auknum hljómi í rödd, skýrleika í tali og slökun í hreyfingar. Þá er farið yfir helstu gildrur í textasmíð, hvernig má varast þær og hvernig flytja megi textann þannig að hann verði lifandi, skemmtilegur og áhrifamikill.

Hagfræði vinnumarkaðarins

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ

24. apríl, kl. 8:30-12:30.

Á þessu námskeiði eru kennd algeng hugtök hagfræðinnar. Farið er yfir helstu þjóðhagsstærðir og skýrt hvernig þær hafa innbyrðis áhrif. Skoðuð eru þau efnahagslegu atriði sem hafa áhrif á kjarasamninga og einnig efnahagsleg áhrif kjarasamninga.

Hallur Guðjónsson
sálfræðingur



SPURT OG SVARAÐ

Vinnustaðarómantik

Vinnufélagi minn hefur daðrað dálítið við mig og ég er rosalega spennt fyrir honum, þetta er frábær maður en ég er hrædd um að það skemmi starfsandann því þetta er frábær vinnustaður. Er mér óhætt að fara á stefnumót með honum?

Það er vel skiljanlegt að rómantik myndist á vinnustöðum. Fólk eyðir stórum hluta ævi sinnar þar og oft þróast nán tengsl milli aðila. Það að vinna þétt saman getur myndað gott vinasamband eða þróast í ástarsamband. Á vinnustaðnum er oft fólk með svipaða menntun, álíka þjóðfélagsstöðu og svipuð lífsgildi. Þannig geta starfið og starfsfélagarnir veitt viðkomandi ákveðna örvun og auðveldar á margan hátt tilfinningaleg tengsl. Einnig þróast oft meðal samstarfsfólks sameiginleg áhugamál sem verður til þess að fólk eyðir einnig tíma saman utan vinnunnar.

Sumar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að allt að 80% aðspurðra hafa verið í eða vita um einhvern sem hefur átt í ástarsambandi á vinnustaðnum. Þetta er mjög stórt hlutfall þannig að líklega er vinnustaðarómantik algengari en margan grunar. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að um þriðjungur varanlegra sambanda byrja á vinnustaðnum.

Það er hins vegar langt frá því að vinnustaðarómantik sé skaðlaus. Almennur hefur vinnustaðarómantik ekki mikil áhrif á vinnustaðinn eða starfsandann en það getur þó gerst, því ástarsamband leynist ekki lengi og ýmsar sögur geta komið á kreik, hvísl á fundum eða göngum, augngotur, pirringur og spennu og umræður um hlutdrægni.



Ef alvara er með sambandið þá er best að ræða við samstarfsfólk og segja því hvernig landið liggur.

Það er hins vegar þegar sambandið fer að ganga illa eða endar að til vandræða getur komið. Sambandsslit geta valdið miklum sárindum og gert fólki erfitt fyrir að vinna saman af heilum hug og getur það auðveldlega haft áhrif á aðra starfsmenn, skemmt starfsandann og starfsgleðina. Það kemur einnig samstarfsfólki í afar erfiða stöðu þegar um gífta aðila er að ræða. Það veit ekki hvort það á að blanda sér í málið

og ræða við vinnufélagann eða hvort það á að segja maka viðkomandi frá. Þetta getur skapað deilur og reiði meðal starfsfólksins og jafnvel ýtt undir að annar eða báðir verði lagðir í einelti eða útskúfaðir úr starfshópnum. ■

Ég vona að þessar hugleiðingar hjálpi þér að taka ákvörðun.

Fyrirspurnir má senda á vr@vr.is og merkja „sálfræði“.



Þórdís Steinsdóttir

Starfsmaður í Ólavía og Oliver Glæsibæ

Stjörnumerki? Tvíburir

Lífsmottó? Lifa lífinu lifandi

Áramótaheit? Nei

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Kirkjubæjarklaustur

Hvernig verður árið 2007? Spennandi og lærdómsríkt

Uppskrift að góðu kvöldi? Lazyboy, sæng og góð mynd



Gísli Páll Hannesson

Verslunarstjóri Útilíf Glæsibæ

Stjörnumerki? Meyja

Lífsmottó? Aldrei hætta að leika sér

Áramótaheit? Leika sér meira

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Hornstrandir

Hvernig verður árið 2007? Gott

Uppskrift að góðu kvöldi? Út að borða með konunni



Brynhildur Sædís Pétursdóttir

Verslunarstjóri Snyrtivöruversluninni Glæsibæ

Stjörnumerki? Ljón

Lífsmottó? Fara úr þægindahringnum

Áramótaheit? Fara að kenna

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Arnarvatnsheiði

Hvernig verður árið 2007? Frábært ár

Uppskrift að góðu kvöldi? Gott bað, út að borða og sjá söngleik



Eyvindur Kristjánsson

Starfsmaður hjá 10-11 Glæsibæ

Stjörnumerki? Tvíburi

Lífsmottó? Lifa lífinu

Áramótaheit? Nei

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Heima

Hvernig verður árið 2007? Mikið af ferðalögum

Uppskrift að góðu kvöldi? Party með vinunum

Hvað er mannsæmandi vinnutími?

Að koma böndum yfir vinnutímann hefur verið baráttumál launafólks frá iðn- byltingunni. Fyrsti alþjóðlegi staðall ILO, Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar, árið 1919, fjallaði einmitt um vinnutímann.

Vinnutíminn er sífellt að verða flóknari, breytilegri og óútreiknanlegri. Kvöld- og helgarvinna eykst og kröfur markaðarins ráða. Þetta má lesa úr nýrri rannsókn sem ILO stóð fyrir um þróun vinnutíma síðustu áratugi. Þessi þróun hefur haft neikvæð áhrif á samband starfsmanna og atvinnurekenda sem og jafnvægið sem mikilvægt er milli vinnu og einkalífs.

Hugtakið mannsæmandi vinnutími er um fjöllumarefni nýrrar bókar, Decent Working Time – new trends, new issues, sem byggir á niðurstöðum rannsóknar ILO. Þar er fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á vinnutímanum og hvað hann þarf að uppfylla til að kallast mannsæmandi.

1. Vinnutíminn þarf að vera heilbrigður

Langur vinnutími og næturvinna hafa áhrif á heilsu og öryggi starfsmanna, fjölskyldna þeirra og samfélagið. Lög og reglugerðir hafa ekki nægt til að tryggja viðunandi lausn, vinnutíminn hefur lengst, hann er óreglulegur og í vaxandi mæli að næturlagi og um helgar. Í sumum vestrænum ríkjum eru ekki

til lög um hámarksvinnutíma eða þau eru hunsuð. Greidd yfirvinna heyrir víða til undantekninga hjá stjórnendum og sérfræðingum og er vinnutími þeirra í heild illa skilgreindur. Vandinn er sá að oft gera hvorki starfsmenn né atvinnuveitendur sér grein fyrir því að vinnutíminn sé óheilbrigður og það hefur reynst þrautin þyngri að berjast gegn þessari þróun. Hjá láglaunastéttum, sérstaklega í þróunarríkjunum, er þessu öðruvísi farið. Lágmarkslaun eru lág og starfsmenn neyðast til að vinna langan vinnutíma til að hafa í sig og á. Þessu fyrirkomulagi fylgir oft sparnaður fyrir fyrirtækin sem sjá enga ástæðu til að breyta. Lausnin hér er hins vegar augljós, að tryggja að dagvinna dugi fyrir mannsæmandi launum.

2. Vinnutíminn þarf að vera fjölskylduvænn

Vinnutími er ekki mannsæmandi nema hann veiti starfsmönnum svigrúm til að sinna fjölskyldu sinni. Lengi vel var vinnutíminn miðaður við meðaltal til lengri tíma litið án þess að taka tillit til þess að starfsmenn þurfa að rækta fjölskylduskilyrður sínar daglega, ekki bara um helgar. En fólk leggur einnig mismunandi skilning í hugtakið fjölskylduvænn vinnutími, aldur, fjölskyldustærð og staða í lífinu segja til um hvað einstaklingar telja fjölskylduvænt. **frh. »**



Allir eru þó sammála um að ósveigjanlegur vinnutími og skortur á umönnun barna og aldraðra geri það að verkum að erfitt er að samræma vinnu og einkalíf. Víða er litið á styttingu á vinnutíma sem helstu leiðina til að leysa þennan vanda, en því fylgja ókostir. Í fyrsta lagi eru hlutastörf oft verra launuð og verri að gæðum, ef svo má að orði komast. Í öðru lagi eru það yfirleitt konur sem sinna hlutastörfum og það festir í sessi ójafnrétti kynjanna. Lausnin kann frekar að felast m.a. í sveigjanleika í vinnutíma og fyrirkomulagi vinnunnar.

3. Vinnutíminn

þarf að stuðla að jafnrétti kynjanna

Þriðji þátturinn í mannsæmandi vinnutíma er að vinnutíminn sé verkfæri til að ná fram jafnrétti kynjanna. Til að vinnutími stuðli að jafnrétti þarf hann tryggja að karlar og konur

standi jafnfætis á vinnumarkaði og að gera báðum kynjum kleift að samræma vinnu og fjölskyldu. Gæta verður þess að áhrif aðgerða á öðrum sviðum ýti ekki undir ójafnrétti þegar kemur að kynjunum, eins og stytting vinnutíma ein og sér getur gert. Aðgerðir á sviði jafnréttismála þurfa að jafna vinnutíma kynjanna, t.d. með draga úr óhóflega löngum vinnutíma annars vegar og hins vegar hvetja hlutastarfsfólk til að lengja sinn vinnutíma. Langur vinnutími í sumum störfum hindrar konur sem enn bera stærstu ábyrgðina á fjölskyldu og heimili. Tryggja þarf að hlutastarfsfólk njóti sömu réttinda og þeir sem vinna fulla vinnu, s.s. til launa og starfsframa. Einnig þarf að tryggja að hlutastörf séu í boði í fleiri atvinnugreinum en nú er raunin. Í síðasta lagi þarf að stuðla að aukinni þátttöku karla á heimilinu og í umönnun fjölskyldumeðlima sem á þurfa að halda.

4. Vinnutíminn

þarf að vera afkastahvetjandi

Það er til einskis að ræða um vinnutíma sem mannsæmandi ef afköstin eru engin. Margar rannsóknir benda til þess að stytting vinnutíma skili sér í meiri framleiðni á hverja vinnustund, einkum ef um er að ræða styttingu á vinnutíma sem er yfir 48 klst. á viku. Skýringarnar eru m.a. minni líkamleg þreyta og betri starfsandi auk þess sem fjarvistum fækkar og starfsmannavelta minnkar. Hið sama má segja um sveigjanleika í vinnutíma og vinnufyrirkomulagi, það skilar meiri afköstum starfsmanna. Hafa verður í huga að þetta er þó ekki algilt og sýna rannsóknir sem fjallað er um í bókinni misjafnar niðurstöður. Jákvæð niðurstaða er líklegri ef fyrirtækið tekur upp sveigjanlegan vinnutíma sem tekur mið af þörfum starfsmanna en ef eingöngu er t.d. tekin upp breyting á vinnutíma þannig að starfsmenn vinna lengur en fá á móti lengra frí.

5. Starfsfólk þarf að geta

haft áhrif á vinnutíma sinn

Í nútíma þjóðfélagi eru gerðar æ meiri kröfur til tíma starfsfólks. Aðgangur að þjónustu þarf að vera greiður allan sólarhringinn sem þýðir að í mörgum störfum þarf starfsfólk að vera reiðubúið til að vinna á öllum tímum sólarhrings, oft með stuttum fyrirvara. Þessi þróun er skýrt dæmi um nauðsyn þess að starfsfólk hafi áhrif á og val um skipulag og lengd vinnutíma síns. Rannsóknir sýna að í fæstum tilfellum er vinnutíminn í takt við það sem starfsfólki vill og sú ráðstöfun að veita því áhrif og val skilar sér í mannsæmandi vinnutíma. Í nokkrum löndum, s.s. Bretlandi og Hollandi, hafa starfsmenn lagalegan rétt til að óska eftir breytingum á vinnutíma sínum þó slík lög hafi ekki alltaf skilað því sem stefnt er að. Kannanir í Hollandi sýna til að mynda að breytingar koma mun oftar til þegar fólk skiptir um starf. ■

Byggt á Decent Working Time – new trends, new issues, ILO, 2006.



Hlátrasköll á fyrirlestri VR um hláturjóga

Mikið var hlegið á fyrirlestri sem VR stóð fyrir nýlega um hláturjóga eins og sjá má. Fyrirlesturinn byggir á á kenningum og aðferðum indverska læknisins Dr. Madan Kataria og konu hans Madhuri Kataria. Þau stofnuðu fyrsta hláturklúbbinn árið 1995 til að sannreyna kenningar um jákvæðan áhrifamátt hláturs á sál og líkama. Í stað þess að nota brandara til að vekja hlátur hafa þau þróað æfingakerfi sem hefur sömu áhrif og jákvæður hlátur sprottinn af innri gleði. Kerfið tengist fornum jógaáferðum, hasyajóga. Ár fyrirlesturinn var kennt hvernig hláturjogaæfingar eru góð leið til heilbrigðara lífennis. Fyrirlesari var Ásta Valdimarsdóttir. ■

Fjölbreytt og skemmtileg námskeið sem hefjast í byrjun febrúar

Það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt

Hér eru nokkur dæmi um frábær námskeið sem tilvalið er að skrá sig á í skammdeginu

Tölvan – þér til ánægju 14 st.
Ívar Páll Bjartmarsson
Þri. og fi. kl. 18:30-21:00
(4 skipti frá 6. febrúar)
Verð: 17.300 kr.

Lærðu á GPS-tækið þitt 8 st.
Gunnar Kr. Björgvinsson
Má. og mi. kl. 19-22
(2 skipti, 12. og 14. febrúar)
Verð: 9.900 kr.

Símsvörun á ensku 3 st.
Zoë Robert
Þri. kl. 16:30-18:30
(1 skipti, 13. febrúar)
Verð: 4.100 kr.

Bætt samskipti og betri liðan 4 st.
Björn Hafberg
Þri. kl. 18-21
(1 skipti, 6. febrúar)
Verð: 4.500 kr.

Lífsstíll og markmiðasetning 4 st.
Björn Hafberg
Þri. kl. 18-21
(1 skipti, 13. febrúar)
Verð: 4.500 kr.

Berlín – Borgin heillandi 5 st.
Bryndís Tómasdóttir
Fi. kl. 20-21:55
(2 skipti, 15. og 22. febrúar)
Verð: 5.400 kr.

Mjög athyglisvert námskeið sem fjallar um breytingarnar sem eiga sér stað í íslensku samfélagi í dag:

Innflytjendur – Nýr mannauður í íslensku samfélagi 12 st.
Leiðbeinandi er Hallfríður Þórarinsdóttir, doktor í mannfræði
Mánudögum kl. 19-21:55 (3 vikur frá 12. febrúar)
Verð: 12.900 kr.



Skeifunni 8 • Innritun í síma 580 1808 • www.mimir.is



FÉLAGSMENN

Hressar konur úr Fjarðarkaupum

Í nóvember sl. komu starfsmenn Fjarðarkaupna í Hafnarfirði á námskeið í samningatækni hjá VR. Þetta var hópur frískra kvenna sem margar hafa unnið lengi í Fjarðarkaupum. Á námskeiðinu var farið í helstu atriði sem gott er að hafa í huga þegar samið er um laun og önnur kjör á vinnustað. Fyrirlesari var Gylfi Dalmann Aðalsteinson lektor í mannauðsstjórnun hjá HÍ. ■

Konur eiga inni!



Daniel Elí, 7 ára drengur í Vestmannaeyjum, varð starsýnt á baksíðu VR blaðsins í nóvember sl. sem sýndi auglýsingu úr nýjstu jafnréttisherferð félagsins, myndina af legsteininum. Hann fór að spyrja móður sína hvort að einhver hefði dáið og hvort að þetta væri mynd úr jarðarför... Hún útskýrði fyrir honum af hverju þessi auglýsing væri birt og að stundum væri það þannig að konur og karlar fengju ekki jafn mikið borgað, þótt þau væru að vinna sömu vinnuna. Hann virtist skilja þetta og ræddi þetta alveg fram og til baka, hvort að steinninn hjá karlinum væri stærri af því að hann hefði fengið meiri peninga og þess háttar. Honum fannst þetta nú ekki sanngjarnt því konur væru alveg jafn duglegar að vinna og karlar. Svo sagði hann: „Mamma, þegar ég verð stór þá ætla ég bara að verða bæjarstjóri og láta alla borga konunum meira heldur en körlunum.“ Móðirin sagði honum að það væri ekkert betra, það væri bara best að allir fengju jafn mikið, það væri sanngjarnast. Þá sagði guttinn: „Já en mamma þið eigið inni!“ ■



HITT OG ÞETTA

Annáll ársins 2006

Það markverðasta sem gerðist á árinu

Janúar

Samstarf hófst um áramótin á milli VR og Verslunarmanafélags Hafnarfjarðar og einnig Vestmannaeyja með sameiningu félaganna að markmiði. Nýársfundur var haldinn þann 23. janúar. Þar voru innri mál félagsins til umfjöllunar og Bubbi Morthens gladdi fundargesti með söng sínum. Efnit var til samkeppni um nýtt nafn á félagið. VR skoraði opinberlega á sveitarfélög að leysa vanda foreldra með ung börn. Morgunfundir, grunnskólafræðsla og fyrirlestraröð VR hófust og stóðu fram í lok apríl.

Febrúar

VR og VFV opna nýja sameiginlega skrifstofu í Vestmannaeyjum. VR fær ásamt fyrirtækinu Maritech ehf. viðurkenninguna Lóð á vogar-skálina fyrir að stuðla að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki. Niðurstaða í nafnasamkeppninni sem efnit var til í janúar var að félagið hétu framvegis VR þar sem félagsmenn eru víðar en í Reykjavík og störf þeirra víðar en í verslunargeiranum. Nýtt lógó leit dagsins ljós.

Mars

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars ályktaði VR um að skora á ríkisstjórnina að beita sér gegn kynbundnum launamun með virkum stjórnvaldsaðgerðum. Þá mótmælti VR formlega fyrirhugaðri skattlagningu sjúkra- og fræðslustyrkja. Í mars hófst mikil umræða um vinnu barna og unglinga. Auglýsingar VR undir yfirskriftinni „Láttu ekki útlitið blekkja þig“ fengu ÍMARK verðlaunin í flokki almannaheilla-auglýsinga.



Apríl

Aðalfundur var haldinn 24. apríl og þar voru tillögur um nýtt nafn, stofnun VR varasjóðs og sameiningu við VH samþykktar. VR Varasjóður er nýr persónubundinn sjóður sem félagsmenn ýmist geta safnað í eða nýtt til niðurgreiðslu á ýmissi þjónustu. Góð afkoma var hjá félaginu á starfsárinu, laun hækkuðu og félagsmönnum fjölgaði. Yfirlit yfir réttindi og nýtta þjónustu sent til félagsmanna í fyrsta sinn og öryggisnúmer félagsmanna tóku gildi.

Mái

1. maí var haldinn hátíðlegur með kröfugöngu og kaffisamsæti. Skv. niðurstöðum árlegrar könnunar VR um fyrirtæki ársins urðu Danól og Sensa hlutskörpust. Á fjölmennum vinnufundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum var fjallað um framtíðarstefnu félagsins. Auglýsingaherferð um ósýnilega vininn og varsjóð VR var hleypt af stokkunum. Nýr og endurbættur vefur leit dagsins ljós í maí.

Júní, júlí og ágúst

Árleg höfuðborgaráðstefna Norðurlandanna var haldin hér á landi í júní þar sem fjallað var m.a. um kaupfélög, innkomu þýsku risaverslunarkedjunar Lidel á matvörumarkað Norðurlanda (utan Íslands) á undanförn-um árum, skipan lífeyrismála og „innrás“ launamanna frá austrinu. Á sumarmánuðum



spókuðu fjölmargir félagsmenn sig á sólarströndum sem samið hafði verið um ódýrar orlofsferðir til Spánar og Krítar. Auk þess nýttu margir sér orlofshús félagsins í sumarfríinu. Samkomulag náðist um endurskoðun kjarasamninga og ný lög um atvinnuleysisbætur tóku gildi 1. júlí þar sem þær voru m.a. tekjutengdar.

September

Laun félagsmanna hækkuðu um 8% á milli árána 2005 og 2006, samkvæmt launakönnun VR, launamunur kynjanna var óbreyttur, fjórða árið í röð. Horft var til framtíðar á vinnufundi með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum á vinnustöðum. Enn lét VR í sér heyra um vinnu barna og unglinga á opinberum vettvangi. Danskir trúnaðarmenn heimsóttu VR og fóru m.a. í réttir. Starfsmenn dreifðu launakönnun meðal félagsmanna í fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Október

Á ársfundi ASÍ var fjallað um stöðu og starfshætti verkályðshreyfingarinnar og hnattvæðinguna og vinnumarkaðinn. 60 manna norræn ráðstefna var haldin í félagi við Félag starfsfólks bókaverslana.

Nóvember

Vel yfir 90% stjórnenda segja starfið eftirsóknarvert, samkvæmt fyrstu könnun meðal



stjórnenda sem VR stendur fyrir. Álagið er það versta við starfið en spennandi verkefni það besta. Formleg sameining VR og VH var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta í kosningu meðal félagsmanna VH. Nýjar auglýsingar um launamun kynjanna birtar og umhverfisgrafik sett upp í Kringlunni og Smáralind.

Desember

Í jólamánuðinum fór starfsfólk VR á stúfana og dreifði upplýsingum um réttindi þeirra sem vinna í verslun í annríkinu fyrir jólin. Samstarfssamningur var undirritaður við Verslunarmannafélag Hvammstanga með sameiningu að markmiði.



Krossgátan

			DRUMA	ESPA v FKODI	SKESSA v SKODUN	GREIN- IC	RÓMU- TALA	ALDUR- v SKJÓL- v UR	SPYDT	SKILTU DÝR INN- VINDUR
			NOTA- LEGA	29						
			HULIN STON- UM							19
			BLÖTS- VÆÐI				ISADYDD BOK- STAFUR			
			LESTUR KOLFS			SATTA SÍG VIÐ KINDIN		3		
			KVÆÐI	8					HESTUR v ELSKA	
			FRAM- FÖRIN			KVEN- NAFNI SUND		21		
			SVEL- INN + MÁLMI	26	6		HNÖTT- UR ÓSKYRA			
			2 EINS RÆTIL DRELLA	12		UPP- SPRETTU DRUS		11		
			BEVUR BAR- DAGI				FLANNA RAN- DÝRS			
			SYNGUR	21			KVAB MAHN		KVEF- PEST	16 REYFI STRAND
						STÖNUM EF TIL VILL		5		
			LITIL	18		FIKKUR INN SÝLL		10		KPIR v DEAUT
			HRELL- ID			RÓDD LÍKAM- HELT- MANN			FAUTI	7
			DREGL- MANN- INN	20					KEMST VEFIR	
						FLÖG REID- INN		2		KLAUF- DÝR
			NAB- HÚSS				EIN- KENNI	BEIN- TÍPI IBRAG- MENN		21
			EMRI BLANDI FRAM- RÁSINA						TANGI KYN	28
			HVILD			NUSDA + DDA VARLA		IV		
			EVOD- UR	17		VIRDIR NAMS- GREIN				TASA- GRÖP- UR
			KRANA VERK- FERID			FLAK- ADAR BITA		4		
			KVEN- DÝRID				GUB LÍF- FÆRI		2 EINS STRAM- KAST	30
			ÉLLEFU			EMRI IBRAG- MENN FRAM		11		
			LENKA INNI			BOGI FOR- NAFN		4	HVAÐ	STÖR
			FRAM- ERNI KVEN- NAFN					25	SKOTT	
			TÓMY TAMDA							29



Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í nóvemberblaðinu var málshátturinn: „Sæll er sá sem annars böli bætir“ Vinningshafinn að þessu sinni er Bryndís R. Jónsdóttir bókari hjá Norðuráli á Grundartanga. Hún hefur unnið hjá Norðuráli í fjögur ár og líkar vel. Við óskum henni til hamingju með verðlaunin sem eru 8.000 krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er að venju málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 5. mars 2007. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Starfsemi á árinu 2006

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

Í milljónum króna

	2006	2005
Innlend skuldabréf	68.804	64.564
Sjóðfélalagán	28.642	24.376
Innlend hlutabréf	56.366	41.921
Erlend verðbréf	82.111	56.101
Verðbréf samtals	235.923	186.962
Bankainnistæður	1.566	3.504
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	294	298
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	56	65
Skammtímaskrófur	2.761	1.151
Skammtímaskuldir	-251	-1.008
Hrein eign sameignardeild	234.770	186.848
Hrein eign séreignardeild	5.579	4.124
Samtals hrein eign	240.349	190.972

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Í milljónum króna


	2006	2005
Iðgjöld	12.804	10.969
Lífeyrir	-3.503	-2.967
Fjárfestingartekjur	40.395	32.552
Fjárfestingargjöld	-197	-177
Rekstrarkostnaður	-187	-164
Aðrar tekjur	65	57
Hækkun á hreinni eign á árinu	49.377	40.270
Hrein eign frá fyrra ári	190.972	150.702
Hrein eign til greiðslu lífeyris	240.349	190.972

KENNITÖLUR

	2006	2005
Raunávöxtun	12,7%	16,1%
Hrein raunávöxtun	12,7%	16,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	9,8%	7,0%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	7,8%	7,3%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,00%	1,02%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,06%	0,06%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	28,1%	28,1%
Greiðandi sjóðfélagar	49.991	47.658
Lífeyrisþegar	7.573	7.250
Greiðandi fyrirtæki	7.007	6.781
Stöðugildi	27,1	27,5

EIGNIR 240 MILLJARÐAR

Eignir sjóðsins námu 240,3 milljónum í árslok og hækkuðu um 49,3 milljarða á árinu eða um 26%. Á árinu 2006 greiddi 49.991 sjóðfélagi til sjóðsins og námu iðgjaldgreiðslur alls 12.804 mkr. Þá greiddu 7.007 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.



ÁVÖXTUN 20,6%

Ávöxtun á árinu 2006 var 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun sem er annað besta rekstrarár í sögu sjóðsins. Allir eignaflokkar sýndu góða ávöxtun en þó var ávöxtun erlendra verðbréfasafnsins best á árinu sem helgast af hækkingu erlendra hlutabréfamarkaða auk lækkunar íslensku krónunnar. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 27 árin er 20,7%.

HÆKKUN RÉTTINDA UM 7% EÐA 11,8 MILLJARÐA

Með tilliti til góðrar ávöxtunar og tryggrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans ákveðið að leggja til við aðildarsamtök sjóðsins að áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega verði hækkaðar um 7% frá 1. janúar 2007. Það samsvarar 11,8 milljarða hækkingu réttinda sjóðfélaga. Á síðustu 10 árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindin og lífeyrisgreiðslur um 21,1% til viðbótar almennum verðlagsbreytingum.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA


Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2006 sýnir að eignir nema 7,9% umfram skuldbindingar. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 31,8%.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2006 nutu 7.682 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 3.503 milljónir samanborið við 2.967 milljónir árið áður, en það er hækking um 18%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vitistölu neysluverðs.

SÉREIGNARDEILD


Séreignardeildin hefur starfað í 8 ár. Inneignir sjóðfélaga séreignardeilda í árslok 2006 námu 5.579 mkr. sem er hækking um 35% frá fyrra ári. Ávöxtun nam 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun. Alls átta 39.842 einstaklingar inneignir í árslok.



VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Ráðstöfunarfé á árinu 2006 var 57.463 mkr. og nemur aukningin 26% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup námu 27.870 mkr. og sala hlutabréfa 21.012 mkr. Kaup á skuldabréfum námu 20.717 mkr. og sala skuldabréfa 8.943 mkr. Erlend verðbréfakaup námu 10.797 mkr.

Skipting verðbréfaeignar 2006



ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 16. apríl nk. kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

STJÓRN

Víglundur Þorsteinsson, formaður
Gunnar P. Pálsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir R. Jónsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Simi: 580 4000 | Myndsending: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is



Starfar þú hjá fyrirmyndarfyrirtæki?

Velgengni fyrirtækja veltur ekki síst á ánægju starfsfólks þeirra.

Við hvetjum þig því til að taka þátt í könnuninni Fyrirtæki ársins 2007. Mikilvægt er að allir segi hug sinn því niðurstöðurnar veita þér upplýsingar um starfskjör, jafnt innan þíns eigin fyrirtækis og annarra, og eru að auki fyrirtækjum dýrmætur mælikvarði á frammistöðu þeirra sem vinnustaður.

Nánari upplýsingar um Fyrirtæki ársins 2007 er að finna á vr.is.

